

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Grýtubakkahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grýtubakkahrepps á fundi sínum 15. júní 2026 eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Lækjarvellir 5-7, leikskólinn Krummafötur.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar á Grenivík (íbúðarbyggð norðan Miðgarða) sem tók gildi 13. janúar 2022 með síðari breytingum. Deiliskipulagsbreytingin nær til lóða nr. 5 og 7 við Lækjarvelli en með breytingunni eru lóðirnar sameinaðar í eina lóð, Lækjarvelli 5-7. Byggingarreitur er rýmkaður til samræmis við drög að viðbyggingu við leikskólann. Nýtingarhlutfall sameinaðrar lóðar verður 0,35. Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulagsins sem öðlaðist gildi 13. janúar 2022 með síðari breytingum

Ofangreind tillaga hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Grýtubakkahrepps, 13. júlí 2026.

Arnar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 29. júlí 2026